

Nd.

97. Nefndarállt

um frumvarp til fjáráukalaga fyrir árið 1922.

Frá fjárveitinganefnd.

Það má heita nýlunda, að til fjárveitinganefndar hefir að þessu sinni verið vísað fjáráukalagafrumvarpi fyrir ár, sem þegar er liðið.

En að þetta frumvarp er fyrst nú á ferðinni, er fyrir þá sök, að engin fjáráukalög voru lögð fyrir síðasta Alþingi, sem áttu við það ár.

Þetta verður nefndin að telja mjög óheppilegt og miða til þess að draga fjárveitingavaldið úr höndum Alþingis. Um þetta verður naumast deilt, enda bera ýmsir liðir í þessu frumvarpi þess ljósan vott.

Allar þær fjárhæðir, sem í frumvarpinu standa, að tveim undanskildum, hafa verið greiddar úr rikissjóði fyrir síðustu áramót. Þegar svo er komið getur Alþingi oft neyðst til þess að láta við svo búið standa, þótt um fjárveitingar sje að ræða, er það hefði ekki viljað af hendi láta, ef samþykkis hefði verið leitað fyrirfram.

Þannig hefir nú tarið fyrir fjárveitinganefndinni. Við athugun frumvarpsins rakst hún á ýmsa liði, er hún telur ýmist ver farið, að þar skuli standa eða þá að vægast talið geti verið mikið álitamál, hversu mikinn rjett eigi á sjer. Sjer hún þó ekki aðra leið færa en að láta við svo búið standa.

Um nokkra af þessum liðum vill nefndin fara nokkrum orðum, fremur til viðvörunar framvegis en að hún ætli sjer að raska gerðum stjórnarinnar.

Á síðasta þingi voru til umræðu launabætur sendiherrans í Danmörku, og veitti þingið þær fyrir yfirstandandi ár.

Stjórnin hafði þá tækifæri til þess að leita einnig samþykkis þingsins um launabætur fyrir árið 1922.

Þetta hefði nefndinni þótt betur við eiga en að hún veitti þær af sjálfspáðum milli þinga.

Skal þá minst á kostnað við ferðalag augnlæknis til Austfjarða. Nefndin vill að visu ekki vefengja það, að Austfirðingum hafi verið nauðsyn á að fá til sín augnlækni eins og á stóð, en hitt vill hún benda á, að samkvæmt fjárlögunum er fje veitt til ferða augnlæknis, og skulu þær ferðir farnar í samráði við stjórnina. Það er því skylda stjórnarinnar, þegar hún semur eða samþykkir þess konar ferðaáætlun, að sjá um að engir stórir landshlutar verði út undan, og er því heimildarlaust að nota meira fje í þessu skyni en Alþingi hefir gert ráð fyrir. Væntir nefndin því þess, að slíkt komi ekki fyrir oftar.

Sjálfsgagt hefir ekki orðið hjá því komist, að flutt yrði á rikiskostnað mold í kirkjugarðinn í Reykjavík, en dýrt þótti nefndinni það, og einkum blöskraði henni, þegar hún sjekk að vita, að ríkið á enn eftir að greiða mikið fje, sennilega marga tugi þúsunda, til framhalds þess verks. Nefndinni finst því fullkomin ástæða til að taka þetta mál til alvarlegrar ihugunar, og þá einkum það, hvort ekki væru möguleikar til þess að afla ríkinu tekna upp í þessi útgjöld, t. d. með því að taka upp legkaup.

Vel getur verið, að ekki hafi verið óþarfi að veita frjettastofu Verslunararráðsins styrk þann, er í frumvarpinu stendur, á þeim tíma sem hann var veittur, en eftir því sem nefndin kemst næst um tilgang fjárveitingarinnar, þá telur hún stjórnina eiga að hafa það verk á hendi, og þá utanríkisráðuneytið. Vill nefndin því brýna fyrir stjórninni, að hún láti ekki undir höfuð leggjast að hafa ætið á takteinum ábyggilegar fregnir og skýrslur, er varða markað og markaðshorfur fyrir afurðir vorar og fleira, er þar að lýtur.

Vafasamt telur nefndin, að rjett hafi verið að veita fje til jarðabóta á Mosfelli, til undirbúnings nýbýla. En úr því sem komið er verður að lúka því verki og undirbúa til fulls til ræktunar land það, sem tekið hefir verið. En það vill nefndin taka fram og leggja áherslu á, að hún telur sjálfsgagt, að hjer verði staðar numið að sinni. Vill hún ekki, að meiru fje verði varið til líkra tilrauna fyr en þessi hefir fengið fulla reynslu.

Veittar hafa verið til brimbrjótsins í Bolungarvík 8000 krónur umfram fjárlagaveitingu. Þetta verður nefndin að telja misráðið. Nefndin getur ekki sjeð, að stjórnin hafi fært fullkomin rök fyrir þessari greiðslu, eða að sýnt hafi verið fram á, að líkindi hafi verið til, að ilt mundi af hljótast, þótt

heðið hefði verið til þings með að veita fjéd. Þó að stjórnin gæti ekki vitað fyrir fram, að verkið mundi eyðileggjast, þá fær nefndin hins vegar ekki sjéd, að brýn nauðsyn hafi verið fyrir hendi.

Nú skal farið nokkrum orðum um breytingartillögur þær, sem nefndin leyfir sjer að bera fram við frumvarp þetta.

Flateyjarhjerað var læknislaust í fullt ár vegna þess að hjeraðslæknirinn var sjarverandi. Af þessum ástæðum urðu Flateyjarhreppsþúar að kosta miklu til við læknisvitjanir. Einstakir menn hafa orðið fyrir of þungum bú-sifjum út af þessu, og vill því nefndin bæta þeim upp að nokkru á líkan hátt og gert er um aðra hreppa, sem erfitt eiga um læknisvitjanir.

Styrkina til Breiðafjarðarbátsins og Guðbrandar Jónssonar vill nefndin láta niður falla, að minsta kosti af þessu frv. Fyrst og fremst er nokkur ágreiningur innan nefndarinnar um rjettmæti þeirra, og í öðru lagi er það augljóst, að engin þörf er eða jafnvel órjettmætt að láta þessar upphæðir standa í þessu frumvarpi, heldur ættu þær að koma annaðhvort í sjáráukalög 1923 eða í næsta árs fjárlög.

Í framsögu mun verða reynt að skýra nánar málstað nefndarinnar.

Alþingi, 9. mars 1923.

✓ Porleifur Jónsson,
form.

✓ Magnús Pjetursson,
skrifari og frsm.

✓ Bjarni Jónsson
frá Vogu.

✓ Eiríkur Einarsson. ✓ Jón Sigurðsson. ✓ Ingólfur Bjarnarson. ✓ Þórarinn Jónsson.